



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

BANKASÝSLA RÍKISINS LEIGUHÚSNÆÐI

SKILAGREIN

ÁGÚST 2011



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1 UPPHAF VERKEFNIS	3
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN	3
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	4
4 LEIGUSAMNINGUR	4
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI	4
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT	5
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	5
8 VERKLOK	5
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR	5

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Ennfremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leiguhúsnæði.

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið leiguhúsnæði fyrir Bankasýslu ríkisins var unnið að beiðni fjármálaráðuneytisins sem barst FSR í janúar 2010.

Verkefnið fólst í að finna leiguhúsnæði fyrir stofnunina sem tók til starfa í janúar 2010.

Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármálaráðherra. Hún var stofnuð með lögum nr. 88/2009 sem tóku gildi í ágúst 2009. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnarsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimilda í fjárlögum.

Bankasýslu ríkisins er í starfsemi sinni ætlað að leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings. Bankasýslan skal hafa lokið störfum eigi síðar en 5 árum eftir að hún er sett á fót.

Verkefni FSR fólst í að gera húsrýmisáætlun, húslýsingu, auglýsa eftir húsnæði, gerð leigusamningsins og hafa eftirlit með framkvæmdum við húsnæðið í samræmi við kröfur í húslýsingu.

Verkefnisstjóri hjá FSR á verkefninu var Jón H. Ásbjörnsson.

2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Unnin var húsrýmisáætlun og var hún lögð fram í janúar 2010. Húsrýmisþörf stofnunarinnar var áætluð um 150 fermetrar.

Miðað var við að staðsetning stofnunarinnar væri miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.



Bankasýsla ríkisins, Borgartúni 3.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Húslýsing fyrir húsnæðið var tilbúin í janúar 2010 og í framhaldinu auglýsti Ríkiskaup eftir húsnæði fyrir stofnunina.

Leigutilboð voru opnuð í febrúar 2010 og bárust 2 tilboð en annað húsnæðið er staðsett utan þess svæðis sem tilgreint var sem æskileg staðsetning.

FSR yfirfór tilboðin ásamt fulltrúum frá Bankasýslu ríkisins.

Í febrúar 2010 samþykkti fjármálaráðuneytið að ganga til samninga við Höfðatorg ehf., í Reykjavík, um leigu á hluta af húsnæðinu við Borgartún 3 í Reykjavík. Um er að ræða hluta af 2. hæð hússins.



Móttaka.

4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamningsins í samvinnu við starfsfólk Bankasýslu ríkisins og Höfðatorgs ehf.

Fjármálaráðuneytið hafði umsjón með gerð samningsins.

Samningurinn er á milli Bankasýslu ríkisins og Höfðatorgs ehf. Hann var undirritaður í mars 2010 og staðfestur af fjármálaráðuneyti. Hann gildir til 5 ára með möguleika á framleigu um allt að 1 ár í senn að leigutíma loknum.

Hinn leigði eignarhluti er alls 208 fermetrar að stærð. Í samningi var gert ráð fyrir að afhending húsnæðis yrði 1. apríl 2010.



Skrifstofa.

5 TENGILÍÐIR OG SAMSKIPTI

Til að annast samskipti milli leigusala og leigjanda, á framkvæmdatíma, voru tilnefndir Pétur Guðmundsson f.h. leigusala og fyrir hönd leigjanda var tilnefndur Jón H. Ásbjörnsson, verkefnastjóri hjá FSR.

Haldnir voru alls fjórir fundir þar af þrír verkstöðufundir og einn lokaúttektarfundur á framkvæmdatímabilinu.




Skrifstofa.

6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Fyrirtækið Viðreisn verktakar ehf. stjórnaði endurbótum á húsnæðinu en fulltrúi fyrirtækisins í verkefninu var Kristinn Pálsson.

Eftirlit með framkvæmdum, fyrir hönd leigusala annaðist Pétur Guðmundsson, Höfðatorgi ehf. og fyrir hönd leigjanda annaðist eftirlit Jón H. Ásbjörnsson, FSR.



Kaffistofa.

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Nokkrar endurbætur og breytingar þurfti að gera á húsnæðinu til að uppfylla þarfir Bankasýslu ríkisins. Meðal annars þurfti að rífa veggj og setja upp nýja til að koma starfseminni betur fyrir. Þá var komið fyrir nýrri eldhúsinnréttingu, fatahengi og ljósritunaraðstöðu.

Raflagnir og síma- og tölvulagnir voru endurnýjaðar að hluta og komið fyrir öryggiskerfi.

Gólfefni var endurnýjað og allt húsnæðið var málað.



Gangur.

8 VERKLOK

Bankasýsla ríkisins tók við húsnæðinu í byrjun apríl 2010.

9 STAÐFESTING SKILAGREINAR

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri